

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 20003
VERKHLUTI: V001
HÖFUNDUR: EBK, EJ
DREIFING: Dalabyggð

DAGS.: 2022-04-25
NR.: 4

Athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar í athugun fyrir auglýsingu aðalskipulagsins og viðbrögð við þeim

1 Kynning

Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar var kynnt með auglýsingu 10. mars 2020 með athugasemdafresti til 15. apríl sama ár. Jafnframt var sett glærukynning á vef Dalabyggðar ásamt hugmynda- og ábendingavef.

Opinn íbúafundur var haldinn á facebook þann 26. október 2021 þar sem vinnsla aðalskipulagsins var kynnt. Í kjölfar fundarins var haldinn vinnustofa í Dalabúð, þ.e. þann 10. nóvember 2021, þar sem íbúum og hagsmunaaðilum gafst færi á að koma með ábendingar og tillögur inn í skipulagsgerðina. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember að kynna vinnslutillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Í framhaldinu voru drög að vinnslutillögu/gögn frá vinnustofu kynnt á heimasíðu Dalabyggðar og jafnframt óskað eftir ábendingum og tillögum fyrir 25. nóvember. Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar var kynnt 17. desember 2021 með athugasemdafresti til 18. janúar 2022. Vinnslutillagan var einnig send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallaði um framkomnar umsagnir og athugasemdir á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 og aftur á fundi þann 4. mars. Nefndin fól aðalskipulagsráðgjöfum að lagfæra skipulagsgögnin til samræmis við minnisblaðið og umræður á fundinum og lagði til að sveitarstjórn sendi lagfærð skipulagsgögn til Skipulagsstofnunar til athugunar, sbr. 3 mgr. 30 gr. skipulagslaga. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verði aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla hennar auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarstjórn fjallaði um umsagnir og athugasemdir á fundi sínum þann 10. mars og samþykkti tillögu umhverfis- og skipulagsráðs.

Þann 21. mars sendi Dalabyggð uppfærða aðalskipulagstillögu ásamt fylgigögnum til athugunar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í athugun Skipulagsstofnunar, dags. 19. apríl 2022, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem fram koma í athuginni.

2 Helstu atriði athugasemda og ábendinga og viðbrögð við þeim

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir ábendingar Skipulagsstofnunar í athugun fyrir auglýsingu og tillögur að viðbrögðum við þeim.

Vindorkuver	Viðbrögð
Í skipulagstillögunni er sett fram stefna um tvö iðnaðarsvæði fyrir vindorkuver, 17 á Sólheimum og 18 á Hróðnýjarstöðum. Skipulagsstofnun bendir á að stefna og skipulagsákvæði í endurskoðuðu aðalskipulagi skapar grundvöll fyrir frekari útfærslu áformaðrar uppbyggingar sem sett verður í deiliskipulagi fyrir vindorkuverin. Stofnunin ítrekar því að í skipulagstillögunni þarf að setja skýr skipulagsákvæði fyrir iðnaðarsvæðin og uppbyggingu á þeim m.a. varðandi stærð landnotkunarreita, fjölda og heildarhæð vindmylla og heildarframleiðslugetu hvors svæðis til nánari útfærslu við gerð deiliskipulags.	Skipulagið verður uppfærð m.t.t. þessa. Ath. afstöðu skipulagsnefndar og sveitarstjórnar
Í skipulagsákvæðum þarf enn fremur að gera grein fyrir tengingu vindorkuveranna við meginflutningskerfi raforku og sýna jarðstrengi, 66 kV og stærri, á skipulagsuppdraetti. Verði gert ráð fyrir lagningu jarðstrengja innan helgunarsvæða vega þarf að gera grein fyrir því í tillögunni og hafa um það samráð við viðkomandi veghaldara.	Skipulagið verður uppfærð m.t.t. þessa. Ath. afstöðu skipulagsnefndar og sveitarstjórnar
Í umhverfismatsskýrslu þarf auk þess að gera grein fyrir áhrifum af stefnu um vindorkuver m.a. á samfélag, landslag og ásýnd, náttúruvernd, óbyggð víðerni, ferðaþjónustu og útivist. Sömu leiðis verði gerð grein fyrir áhrifum af tengdum framkvæmdum t.a.m. efnistöku og vegagerð innan svæðanna.	Umhverfismatið verður uppfærð m.t.t. þessa. Ath. afstöðu skipulagsnefndar og sveitarstjórnar
Þar sem innviðaráðuneytið hefur ekki enn tekið ákvörðun um að staðfesta breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna, sem Skipulagsstofnun vísaði til afgreiðslu innviðaráðherra, þarf að auðkenna iðnaðarsvæði 17 og 18 fyrir vindorkuver sem varúðarsvæði og iðnaðarsvæði í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.	Innviðaráðuneytið hefur hafnað að staðfesta breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuveranna. Skipulagið verður uppfærð m.t.t. þessa. Ath. afstöðu skipulagsnefndar og sveitarstjórnar
Flokkun landbúnaðarlands	Viðbrögð
Í framangreindri umsögn Skipulagsstofnunar um vinnslutillögu var m.a. kallað eftir því að mótun stefnu um landbúnaðarsvæði byggði á niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands og að á grunni hennar yrðu skilgreindir landnotkunarreitir og sett um þá viðeigandi skipulagsákvæði, líkt og gert er með aðra landnotkunarflokkka. Í aðalskipulagstillögunni er skilgreindur einn landnotkunarreitir fyrir landbúnaðarsvæði (L1) sem tekur til um 200.000 ha landsvæðis og nær yfir allt land sveitarfélagsins á fasta landinu sem ekki hefur verið ráðstafað til annarra nota. Sett eru skipulagsákvæði fyrir L1 í kafla um landbúnaðarsvæði á bls. 148-9 og í kafla um skógrækt og landgræðslu á bls. 150, þar sem m.a. kemur fram að skógrækt sé heimiluð á landbúnaðarlandi í flokki II (verðmætt beitiland og land sem getur hentað til ræktunar) og flokki III (verðmætt beitiland). Á bls. 74 kemur fram að frístundahús verði heimiluð á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu er landbúnaðarland í flokkum I-V ekki skilgreint í skipulagstillögunni með afmörkun landnotkunarreita L1, L2, ... L6 o.s.frv. Því er óskýrt hvernig þessari stefnu verður framfylgt sem getur leitt til óvissu um túlkun aðalskipulagsins.	Umfjöllun bætt inn í kafla 11.3 í útfærslu stefnu. Ákvæðum um nýtingu mismunandi flokka landbúnaðarlands (skv. skýrslu í viðauka) bætt inn í almenn ákvæði í kafla 17.13 landbúnaðarsvæði.



Skipulagsstofnun minnir á að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr. jarðalaga skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika við gerð aðalskipulags í dreifbýli, í samræmi við framangreindar leiðbeiningar sem gefnar voru út á grundvelli laganna. Því beinir stofnunin því til sveitarfélagsins að gerð verði grein fyrir því hvernig framangreindri stefnu um landbúnaðarsvæði, skógrækt og landgræðslu verði framfylgt þar til flokkun samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins hefur farið fram í öllu sveitarfélaginu.	Umfjöllun bætt inn í kafla 11.3 í útfærslu stefnu. Sett er stefna um vinnu við gerð flokkunar landbúnaðarlands í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytisins og hvernig sú vinna verður tekinn inn í aðalskipulagið.
Fram kemur á bls. 74 að landbúnaðarland hafi ekki verið flokkað m.t.t. þeirra viðmiða sem liggja fyrir þar sem fyrirbyggjandi opinber grunngögn séu ófullnægjandi grundvöllur flokkunar og stefnumörkunar um landbúnaðarland í aðalskipulagi. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að við gerð deiliskipulags og við landnotkunarbreytingar á landbúnaðarsvæðum verði landbúnaðarland flokkað í samræmi við leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands m.t.t. hæfni til ræktunar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gaf út í mars 2021. Á bls. 71 kemur enn fremur fram að gert er ráð fyrir að viðmið sem sett eru fram í leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um flokkun landbúnaðarlands m.t.t. hæfni þess til ræktunar, útgefnunum í mars 2021, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Óljóst er hvernig flokkar landbúnaðarsvæða samkvæmt viðmiðum sveitarstjórnar, flokkar II og III sem vísað er til í skipulagsákvæðum fyrir skógrækt og landgræðslu, fara saman við flokka II og III samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins en þar er flokkur II skilgreindur fyrir gott ræktunarland og flokkur III fyrir sæmilegt ræktunarland.	Umfjöllun bætt inn í kafla 11.3 í útfærslu stefnu. Sett er stefna um gerð flokkunar landbúnaðarlands í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytisins og hvernig sú vinna verður tekinn inn í aðalskipulagið. Ákvæðum um nýtingu mismunandi flokka landbúnaðarlands (skv. skýrslu í viðauka) bætt inn í almenn ákvæði í kafla 17.13 landbúnaðarsvæði.
Með hliðsjón af framangreindu beinir Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að endurskoða stefnumörkun um landbúnaðarsvæði, skógrækt og landgræðslu. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til að flokka landbúnaðarland í öllu sveitarfélaginu, eins og lög kveða á um, og marka stefnu um landbúnaðarsvæði í aðalskipulaginu á grundvelli niðurstöðunnar með skilgreiningu landnotkunarreita á landbúnaðarsvæðum og setja viðeigandi skipulagsákvæði fyrir hvern reit. Reynist ekki unnt að flokka landbúnaðarland í sveitarfélaginu á þessu stigi telur Skipulagsstofnun að setja eigi tímasett markmið í aðalskipulaginu um vinnu að útfærslu stefnu um landbúnaðarsvæði á skipulagstímabilinu á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands skv. framangreindum leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands. Í þessu samhengi þarf jafnframt að fjalla nánar um hvernig staðið verður að flokkun landbúnaðarlands í sveitarfélaginu þ.e. hvort land verði flokkað í samræmi við framangreind viðmið sem sveitarstjórn hefur samþykkt, sem miða við fimm flokka (I-V), eða í samræmi við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem miða við fjóra flokka (I-IV). Enn fremur þarf að skýra nánar hvaða land verður tekið til flokkunar en í leiðbeiningum ráðuneytisins er miðað við allt land neðan 300 m h.y.s. sem ekki hefur verið ráðstafað til annarra nota og er utan þéttbýlis, en viðmið sveitarstjórnar gera ráð fyrir að flokka land sem skilgreint er sem landbúnaðarland í aðalskipulagi, er lögbýli og land sem talið er henta til ræktunar).	Ekki eru forsendur fyrir því að flokka landbúnaðarland eins og lög gera ráð fyrir. Fyrirbyggjandi opinber grunngögn hafa reynst ófullnægjandi til að byggja á við flokkunina og stefnumörkun aðalskipulagsins í heild um landbúnaðarland. Nauðsynlegt hefur reynst að sannreyna undirliggjandi gögn og slíkt er óframkvæmanlegt fyrir gerð heils aðalskipulags. Umfjöllun um hvernig staðið verður að flokkuninni bætt inn í kafla 11.3 í útfærslu stefnu.
Skógrækt á landbúnaðarsvæðum	Viðbrögð
Fram kemur á bls. 74 að við val á svæðum til skógræktar skuli sneitt hjá þekktum náttúru- og menningarminjum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar og tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Þar sem því verður ekki við komið skal grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða sem lágmarka þau áhrif. Jafnframt kemur fram að skipulagsákvæðanir um skógrækt grundvallast á flokkun landbúnaðarlands.	Ekki er talin ástæða til að tilgreina á aðalskipulagsstigi mögulegar mótvægisáðgerðir í deiliskipulagi, þar sem mótvægisáðgerðir þarf að miða við aðstæður hverju sinni og hvað er viðeigandi í hverju tilfelli.



Skipulagsstofnun ítrekar ábendingu við vinnslutillögu þess efnis að gera þarf grein fyrir því í skipulagstillögunni í hverju þessar mótvægisáðgerðir felist og tilgreina þær í skipulagsákvæðum fyrir skógrækt og landgræðslu í kafla 17.14 á bls. 150, til nánari útfærslu við gerð deiliskipulags.	Ákvæði um að grípa skuli til viðeigandi mótvægisáðgerða felld út í kafla 11.3 í útfærslu stefnu. Engu bætt við í kafla 17.14
Önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum	Viðbrögð
Á landbúnaðarlandi er heimiluð minniháttar ferðaþjónusta auk heimagistingar og íbúða til útleigu. Þá er heimilt að vera með minna gistiheimili með allt að 5 herbergjum. Skýra þarf nánar hvað felst í minniháttar ferðaþjónustu og setja það í samhengi við umfang mannvirkja og hámarksfjölda gistirúma sem viðmið um hámarksumfang ferðaþjónustu sem samræmist starfsemi á landbúnaðarsvæðum.	Ákvæði um minniháttar uppbyggingu ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum bætt inn í kafla 11.3 um útfærslu stefnu og í kafla 17.13.
Heiðalönd	Viðbrögð
Í skipulagstillögunni kemur fram í kafla 9 um óbyggð svæði (bls. 56) að í Dalabyggð séu umfangsmikil óbyggð svæði ofan byggðar, þ.e. beitolönd, og þar sé hvorki gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi. Þessi svæði eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði og heiðalönd eru einnig skilgreind sem hverfisverndarsvæði að því er fram kemur á bls. 54. Ekkert hverfisverndarsvæði er skilgreint á heiðum eða fjallendi í skipulagstillögunni. Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum í flokki II og III en samkvæmt viðauka aðalskipulagstillögunnar um flokkun landbúnaðarlands tekur landbúnaðarland í flokki III til beitolands, úthaga og afrétta. Þá eru frístundahús heimiluð utan lands í flokki I eins og áður hefur komið fram.	Óbyggð svæði eru á eyja- og strandsvæðum eins og fram kemur í útfærslu stefnu í kafla 9. Sum þessara svæða njóta einnig hverfisverndar. Í kafla 9.2 er einnig fjallað um heiðarlönd og þar kemur fram að þau eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Skerpt er á stefnunni í kafla 9.2 og í útfærslu stefnu um óbyggð svæði er áréttað að stefna um nýtingu heiðarlönda sé útfærð með ákvæðum í köflum 11.3 um landbúnað og 17.13 um landbúnaðarsvæði. Ákvæðum fyrir óbyggð svæði breytt í kafla 17.15.
Skipulagsstofnun bendir á að umfjöllun um heiðalönd er sett fram undir kaflanum óbyggð svæði og því er eðlilegt að mati stofnunarinnar að skilgreina í skipulagstillögunni landnotkunarreiti fyrir óbyggð svæði á heiðum og fjallendi sveitarfélagsins og setja um þau viðeigandi skipulagsákvæði. Að öðrum kosti þarf að skýra nánar hvaða skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði gilda á heiðalöndum, t.d. með hverfisverndarákvæðum sem taki t.d. til heimilda til uppbyggingar, landbúnaðarstarfsemi, landskipta, umfangs skógræktar, frístundabyggðar, atvinnustarfsemi o.s.frv.	Í útfærslu stefnu í kafla 11.3 um landbúnað er bætt inn að allt land sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þ.m.t. heiðarlönd. Í kafla 9.2 er fjallað um heiðarlönd og þar kemur fram að þau eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Skerpt er á stefnunni í kafla 9.2 og í útfærslu stefnu um óbyggð svæði er áréttað að stefna um nýtingu heiðarlönda sé útfærð með ákvæðum í köflum 11.3 um landbúnað og 17.13 um landbúnaðarsvæði. Ákvæðum fyrir óbyggð svæði breytt í kafla 17.15.
Einnig bendir stofnunin á að skilgreina mætti landnotkunarreit á landbúnaðarsvæði (t.d. L2) sem taki til óbyggðra svæða ofan byggðar, þ.e. heiðalönd og fjallendis, og setja um hann sértæk skipulagsákvæði varðandi ofangreinda þætti. Ofangreindar ábendingar eru sömuleiðis til þess fallnar að varpa ljósi á það hvar mörk milli láglandis og heiðalönda á landbúnaðarsvæðum liggja en mikilvægt er að þau séu skýr við framfylgd stefnunnar og deiliskipulagsgerð á landbúnaðarsvæðum ofan byggðar.	Stefna sveitarstjórnar er að allt land sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þ.m.t. heiðarlönd. Til grundvallar ákvarðana um ráðstöfun landbúnaðarlands verði flokkun landbúnaðarlands, þ.e. hlutlæg viðmið um hve vel land hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við ráðstöfun landbúnaðarlands í skipulagi. Viðmiðin voru samþykkt í sveitarstjórn þann 5. mars 2020 í skýrslu um flokkun landbúnaðarlands. Í útfærslu stefnu í kafla 11.3 um landbúnað er bætt inn að allt land



	sveitarfélagsins, sem ekki er skilgreint til annarra nota, sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þ.m.t. heiðarlönd.
Gistipjónusta	Viðbrögð
Ítrekuð er ábending þess efnis að á öllum svæðum fyrir verslun- og þjónustu þar sem gert er ráð fyrir gistingu þarf að gera grein fyrir hámarksfjölda gistirúma. Ekki nægir í þessu samhengi að vísa í flokk og tegund gististaðar samkvæmt 3. og 4. gr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þar sem t.a.m. gististaður í flokki 4-b, þ.e. stærra gistiheimili, getur verið með 6 herbergi eða fleiri og rými fyrir 10 gesti eða fleiri.	Fjöldi gistirúma bætt inn í töflu í kafla 17.3
Á svæði VÞ1 að Laugum í Sælingsdal er aðeins gerð grein fyrir fjölda gistirúma á hótelinu en auk þess er gert ráð fyrir allt að 10 útleiguhúsum. Setja þarf skýrari ákvæði varðandi umfang þeirra og hámarksfjölda gistirúma í þeim.	Fjöldi gistirúma í útleiguhúsum á Laugum bætt inn í töflu í kafla 17.3
Efnistaka	Viðbrögð
Fjögur efnistökusvæði eru fullfrágengin en þar virðist engu að síður vera gert ráð fyrir efnistöku á skipulagstímabilinu. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að setja skipulagsákvæði eða viðmið varðandi þær forsendur sem þurfa að vera til staðar til að fullfrágengin svæði verði opnuð á nýjan leik t.d. hvort það verði gert ef að efni á öðrum svæðum sé uppuríð eða ekki nothæft. Þetta geta enn fremur verið tímasett viðmið um að efnistaka þurfi að hefjast aftur innan tiltekins tíma sem liðinn er frá því að efnistökusvæðið var fullfrágengið.	Ákvæði bætt inn á viðeigandi stöðum í töflu í kafla 17.7
Mikilvægt er að haft sé samráð við landeigendur við mótun stefnu um efnistöku.	Bætt inn í almenn ákvæði í kafla 17.7
Eitt efnistökusvæði (E46) er frágengið með vottun en þar er gert ráð fyrir efnistöku. Skýra þarf nánar hvað vottun felur í sér með hliðsjón af áframhaldandi efnistöku.	Breytt í fullfrágengin í töflu í kafla 17.7
Vegir í náttúru Íslands	Viðbrögð
Í viðauka á bls. 185 er loftmynd af sveitarfélaginu þar sem gerð er grein fyrir skiptingu vegakerfisins í þjóðvegi og vegi í náttúru Íslands. Samkvæmt tillögunni eru aðrir vegir einkavegir sem eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila og þeir eru flokkaðir eftir ástandi samkvæmt reglugerð um vegi í náttúru Íslands, bls. 110. Aðrir vegir eru sýndir á skipulagsupprætti til skýringa en það eru m.a. heimreiðar. Því fara aðrir vegir sem sýndir eru á skýringarmynd 15-5 á bls. 112 í greinargerðinni að einhverju leyti saman við vegi í náttúru Íslands. Skipulagsstofnun minnir á að líkt og fram kemur í leiðbeiningum um flokkun vega í náttúru Íslands, sem eru á vef Skipulagsstofnunar, þá falla heimreiðar og vegir innan ræktaðs lands ekki undir vegi í náttúru Íslands. Við kortlagningu veganna og ákvarðanatöku um heimildir til aksturs á þeim þarf að horfa til þeirra þátta sem tilgreindir eru í leiðbeiningunum t.a.m. hvort um er að ræða greinilegan og varanlegan veg, hefð fyrir akstri og áhrifa af akstri á umhverfið. Þá felur vegaskráin ekki í sér ábyrgð á viðhaldi vega.	Uppdráttur uppfærður til samræmis við flokkun vega í náttúru Íslands.



Ítrekuð er ábending um að eiga þarf samráð um gerð tillögu að vegaskránni við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landmælingar Íslands, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nauðsynlegt er að eiga samráð við þessa aðila áður en aðalskipulagið og vegaskráin eru endanlega samþykkt. Jafnframt þarf að senda Vegagerðinni tillögu að stafrænni skrá til rýni til að tryggja gæði gagna. Vegaskránni þarf að skila í sér skrá á stafrænu formi samhliða afgreiðslu á aðalskipulagi til staðfestingar. Minnt er á leiðbeiningar á vef Skipulagsstofnunar um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum.	Skipulagsfulltrúi óskar eftir samráði við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landmælingar Íslands, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl. á auglýsingartíma skipulagsins
Framsetning á skipulagsuppdráttum og stafrænt aðalskipulag/mælikvarði	Viðbrögð
Á útprentuðum og stafrænum skipulagsuppdráttum þarf að auðkenna alla landnotkunarreiti og takmarkanir á landnotkun (flákar, punktar og línur) í samræmi við gagnalýsingu fyrir stafrænt aðalskipulag, sem finna má á vef Skipulagsstofnunar, og gera samsvarandi grein fyrir svæðunum í greinargerð. Minnt er sérstaklega á að auðkenna þarf alla takmörkun sem táknuð er með línunum t.a.m. vegi, göngu- og reiðleiðir, veitulagnir, þéttbýlismörk o.s.frv.	Uppdráttur verður uppfærður með tilliti til þessa.
Skila þarf aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi, auk hefðbundinna skipulagsgagna, þegar sveitarfélagið leggur fram samþykkt aðalskipulag til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun.	Gögnum verður skilað á stafrænu formi skv. reglugerð.
Verndarsvæði og raflínur eru ógreinileg á útprentuðum skipulagsuppdraetti.	Verður lagfært þegar mælikvarði hefur verið ákveðinn.
Mælikvarði sveitarfélagsuppdráttar	Viðbrögð
Sveitarfélagsuppdráttur er settur fram í mælikvarða 1:100.000. Skipulagsstofnun bendir á að líkt og fram kemur í gr. 4.5.3 í skipulagsreglugerð skal velja mælikvarða sem gefur heildarmynd af landnotkun í sveitarfélaginu með nægilegri nákvæmni, að jafnaði 1:20.000-1:50.000 og því þarf sveitarfélagsuppdráttur af byggðarhluta sveitarfélagsins að vera í mælikvarða 1:50.000. Bent er á að skipta mætti sveitarfélaginu á tvo uppdraetti t.d. norður- og suður hluta.	Ef sveitarfélagsuppdráttinn er settur fram í mælikvarða 1:50.000 þarf hann að vera á þremur A0-uppdráttum eða í tveimur löngum uppdráttum (norður- og suðursvæði) þ.e. í u.þ.b. 140 cm löngum A0+. Allt sveitarfélagið kemst í 1:75.000 á A0 með því að klippa/púsla nyrsta hlutanum til hliðar. Mælikvarði 1:75.000 er ekki skv. skipulagsreglugerð (líkt og 1:100.000). Uppdrætti verður skipt á fleiri blöð og miðað að við að ná farm skýrri heildarmynd í ásætlanlegum mælikvarða. Með tilkomu stafræns skipulags, er þessi þáttur þó minna mikilvægur en áður. Í gr. 4.5.3. í skipulagsreglugerðinni segir: Á aðalskipulagsuppdráttum skal sýna heildarmynd af landnotkun sveitarfélagsins og velja til þess mælikvarða sem sýnir sveitarfélagið allt en um leið með nægilegri nákvæmni. Uppdrættir skulu að jafnaði vera í mælikvarða 1:20.000 til 1:50.000. Í gr. 7.1. gr. í skipulagsreglugerðinni segir: Stærð skipulagsuppdráttar skal vera samkvæmt ÍST 1, eftir því sem við verður komið.



	Reglugerðin er því ekki afgerandi, þ.e. þar segir „að jafnaði“ varðandi mælikvarða og „eftir því sem við verður komið“ varðandi blaðstærðir. Eins er krafa um að sýna "heildarmyndina".
Hafa þarf í huga að þörf gæti verið á að breyta afmörkun landnotkunarreitna vegna þessa þ.e. að í stafrænu aðalskipulagi á við að afmarka landnotkun 3 ha og minni með hringtákn.	Uppdráttur verður uppfærður með tilliti til þessa.
Aðrar ábendingar	Viðbrögð
Gera þarf grein fyrir heildarfjölda íbúða á öllum svæðum fyrir íbúðarbyggð þ.e. núverandi og áformuðum íbúðum til samans.	Áherslum um uppbyggingu íbúðarsvæða bætt inn í útfærslu stefnu í kafla 10 um byggð. Fjöldi íbúða í dag bætt inn í töflu í kafla 17.1 um íbúðarbyggð.
Í almennum ákvæðum fyrir verslun og þjónustu og afþreyingar- og ferðamannasvæði á ekki við að fjalla um uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.	Almennum ákvæðum breytt í kafla 17.3 og töflubætt inn um fjarlægðir vegna takmarkandi þátta.
Stök frístundahús á eyjum, svæði F38, -F44, eru innan skilgreindrar frístundabyggðar en ekki á óbyggðum svæðum eins og segir í skipulagsákvæðum á bls. 141.	"á óbyggðu svæði" tekið út á viðeigandi stöðum í töflu um frístundabyggð í kafla 17.8
Umfjöllun um afmörkun hafnarsvæða og mannvirki á þeim á betur heima í skipulagsákvæðum fyrir hafnarsvæði í kafla 17.12 fremur en í kafla 17.16 um sérstök not haf- og vatnssvæða.	Köflum 17.12 Hafnir og 17.16 Sérstök not haf- og vatnssvæða breytt í samræmi við ábendingu. Einnig bætt inn í kafla 11.7 um hafnarsvæði.
Á bls. 179 er vísað í eldri lög um náttúruvernd.	Lagfært í töflu kafla 18.5
Leita þarf umsagnar svæðisskipulagsnefndar um auglýsta tillögu.	Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar á auglýsingartíma skipulagsins